

**Þingskjal 714 — 468. mál.**

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda).

**Umsögn frá Háskólanum á Akureyri (HA):**

Leitað var umsagna frá eftirtöldum aðilum innan háskólans: Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri (FSHA), Félagi háskólakennara við HA (FHA), fulltrúa félags prófessora við HA og sviðsforseta Heilbrigðisvísindasviðs, Hug- og félagsvísindasviðs og Viðskipta- og raunvísindasviðs, auk aðila innan yfirstjórnar skólans. Í heild voru umsagnir ofangreindra aðila mjög á jákvæðum nótum og flestar breytingar taldar til framfara. Þó voru gerðar athugasemdir við eftirfarandi greinar:

4 gr. b. Erfitt er að sjá hvað raunverulega vinst við að fell út lokamálslið greinarinnar. Að vissu leyti auðveldar þetta innra starf háskólanna, sem þurfa ekki lengur að halda úti þessum textum á tveimur tungumálum. Hins vegar er þetta einkennilegt í ljósi þess að markmiðið með þessum viðmiðum er tengt Bologna ferlinu, sem miðar að hreyfanleika og metanleika milli svæða innan Evrópu. Ef þessi viðmið eru á annað borð nýtt í þeim tilgangi verða þau að vera á einnig til á ensku.

12 gr. a. Almennur stuðningur er við þessa breytingu sem slíka. Minna þarf þó á að ungar greinar sem verið er að byggja upp hafa ekki sömu möguleika á að krefjast doktorsprófs fyrir fyrstu lektorana. Það er því mikilvægt að þeim sé gert kleyft a.m.k. tímabundið að nýta rúmt ákvæðið um að meta jafngilda þekkingu og reynslu.

14 gr. b. Mikil óvissa er um hvernig beri að túlka þessa nýju málsgrein *“Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum”* og æskilegt að hún sé gerð skýrari. Margir telja að hún stangist á við þá viðbót sem lögð er til við 2 gr. „*Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé*“. Ekki kemur fram hvort ráðherra fái heimild til að semja við viðkomandi háskóla eða hvort hann hafi heimild til að skylda hann til að taka upp viðkomandi kennslu og rannsóknir. Einnig hvort aðrir háskólar þurfi þá að hætta sams konar kennslu og rannsóknum.

Akureyri, 19. febrúar 2012

Stefán B. Sigurðsson rektor